

**113. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis haldinn að heimili formanns 19. febrúar 2019.**

**Mættir:** Auður Inga Ólafsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Páll Árdal,

Fjarverandi: Víðir Benediktsson, Einar Gauti Helgason, Helgi Stefánsson og Eiríkur K. Aðalsteinsson.

Þar sem svo fáir gátu mætt á fundinn var bara eitt atriði á dagskrá.

**1. Skipulagsyfirlýsing fyrir Glerárskóla v. leikskóla**

Teikningar voru lagðar fyrir nefndarmenn og skoðað vel og vandlega hvað fælist í skipulagsyfirlýsingunni. Skildist nefndarmönnum að þarna væri eingöngu verið að fjalla um aðalskipulag bæjarins og breytingu á því. Til að leikskóli geti risið á skólalóðinni við Glerárskóla þarf að gera breytingu á landsvæði. Breyta því úr grænu svæði yfir í skólasvæði. Þessu eru nefndarmenn sammála.

Að þessu erindi afgreiddu ræddu nefndarmenn um leikskólann sem þarna ætti að koma. Fannst okkur við engar upplýsingar hafa fengið um gerð þessa leikskóla. Hvorki staðsetningu, stærð, fjölda nemenda, bílastæði o.fl. Tillaga að því að fá skipulagssvið eða fræðslusvið til að koma á aðalfundinn okkar 10. apríl og kynna þetta fyrir okkur og hverfisbúum. Auður og Berglind fara í að fá fund með Karli Frímannssyni og fá upplýsingar um gang mála.

Berglind Rafnsdóttir, formaður og ritari.